

Miðvikudaginn 23. janúar 1935.

Nr. 51/1934. **Lárus Fjeldsted f. h. Nordbö-Bakke**

(Th. B. Lindal)

gegn

Sigurði Ágústssyni og Ólafi Jónssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Skuldamál.

Dómur gestaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu
26. sept. 1933: Stefnir, Sigurður Ágústsson í Stykkishólmi og Ólafur Jónsson í Stykkishólmi, eigendur Refaræktar Stykkishólms skulu sýknir af öllum kröfum stefnanda, Lárusar Fjeldsted hæstaréttarmálaflutningsmanns í Reykjavík, f. h. O. Nordbö-Bakke lækni í Bergen, í þessu máli. Stefnandinn greiði stefndum 400 — fjögur hundruð — krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess, að hinir stefndu verði dæmdir til þess að greiða honum in solidum norsk-
ar krónur 4592.60 með 6% ársvöxtum frá 15. febr. 1931 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Hinir stefndu hafa aðallega krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, en til vara, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða áfrýjanda n. k. 1408.80. Ennfremur hafa þeir krafizt þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Fyrsti liður dómkröfu áfrýjanda, n. kr. 937.50 stafar eingöngu frá sölu á refum frá Refaræktarfélagi Íslands h/f, og er að miklu leyti eða öllu eftirstöðvar af sölulaunum, og er því ekki mótmælt, að

upphæðin sé rétt. Ágreiningurinn er aðeins um það, hvort hinum stefndu sé skylt að greiða hana.

Þann 10. apríl 1930 gerði framkvæmdarstjóri Refaræktarfélags Íslands samning við áfrýjanda, þar sem honum var falin sala blárefa og hvítrefa fyrir félagið og önnur íslenszk firmu, er það kynni að vera í fyrirsvari fyrir. Síðan gera Refaræktarfélagið, hinir stefndu og óstefndur þriðjimaður með sér samning þann 25. apríl 1930, þar sem þessir aðiljar stofna með sér samlag um sölu á lifandi refum frá refabúum sínum. Samlagi þessu skyldu stjórnarnar framkvæmdarstjóri Refaræktarfél. og annar maður, valinn af hinum samningsaðiljunum. Bréf öll og símskeyti út af „sameiginlegri sölu“ refa átti að gera í nafni samlagsins, og umboðsmanni þess erlendis skyldi boðið að stíla bréf öll, skeyti og reikninga til þess. Einnig segir í samningi þessum, að samlagsmenn undirgangist allir samninginn frá 10. apríl 1930, „þó þannig, að samningnum sé breytt á þá leið, að allir samlagsmenn séu taldir samningsaðiljar, enda séu nöfn þeirra allra tekin upp í auglýsingar um umboðssöluna“. Í samræmi við þetta breytti framkvæmdarstjóri Refaræktarfélagsins upphafi samningsins frá 10. apríl 1930 þannig, að sett voru inn í það nafnið á refabúi hinna stefndu og nafn áður nefnds þriðjamanns, og voru áfrýjanda send með bréfi 28. apríl 1930 tvö eintök af samningnum, þannig breyttum, til undirskriftar, en að öðru leyti var orðalagi hans ekki breytt. Í bréfi þessu er áfrýjanda jafnframt skýrt frá stofnun refasölu-samlagsins, utanáskrift þess og simnefni, og hverir séu stjórnendur þess. Er þess og óskað, að öll bréf og símskeyti „angaaende Fællessalget“ verði stíluð til samlagsins. Það verður að ætla, að áfrýjandi hafi

gengið að samningnum frá 10. apríl 1930, þannig breyttum, svo að þar eftir eru viðsemjendur hans þeir í stað eins áður. Þó að tilætlunin sé, að hann simi og skrifi út af sölunni („Fællessalget“), eins og það er orðað) til samlagsins, þá er það raunverulega aðeins félagsskapur áðurnefndra þriggja samningsaðilja um sameiginlegt fyrirvar fyrir þá alla gagnvart áfrýjanda og öðrum, er kynnu að selja refi fyrir þá eða kaupa refi af þeim, enda er ekki sýnilegt, að samlagið sem slíkt hafi átt nokkrar eignir. Gat því ekki verið tilætlunin, að viðskiptamenn samningsaðiljanna krefðu það um skuldir, er rísa kynnu af refasölunni, heldur hina einstöku samningsaðilja einn eða fleiri. Telur áfrýjandi nú, að samningsaðiljarnir þeir hafi tekið á sig gagnvart honum einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á öllum þeim kröfum, er hann kynni að fá á hendur þeim út af söluumboði sínu, og því sé honum rétt að krefja hina stefndu í máli þessu um áðurnefndar n. kr. 937.50, enda þótt þær eigi rót sína að rekja til sölu á refum frá Refaræktarfélaginu. Samningarnir frá 10. apríl og 25. s. m. 1930 víkja ekki beinlínis að þessu atriði, en bæði í samningnum frá 25. apríl og í bréfinu frá 28. s. m., er gert ráð fyrir „Sameiginlegri“ sölu og „Fællessalg“ refa frá þeim öllum, og verður að skilja þetta svo, að hugsað hafi verið til þess, að tveir eða allir samningsaðiljarnir sendu í einu lagi refi frá sér til sölu. Virðist þá einsett, að áfrýjandi hefði getað krafið þá alla in solidum um greiðslu skulda, er rísa kynnu af slíkum viðskiptum, að visu er svo að sjá, sem haldið hafi verið aðgreindum refasendingum frá hverjum einstökum og að sérstök reikningsskil hafi verið gerð fyrir hverja sendingu til stjórnenda samlagsins, en

slik aðferð, sem var til hagræðis seljendum, leiðir þó ekki til þess, að áfrýjandi hafi fyrir hana misst rétt á hendur aðiljum til greiðslu in solidum á áður-nefndum kröfum, ef hann hefir haft þann rétt eftir samningnum frá 10. apríl 1930, samanbornum við bréfið 28. s. m.

Í samningnum 10. apríl, eins og hann varð að lokum, koma fram þrír sjálfstæðir aðiljar gagnvart áfrýjanda, sem allir saman fela honum sölu á refum fyrir sig, án nokkurra nánari athugasemda um ábyrgð sína á kröfum, er af starfi áfrýjanda fyrir þá kynni að rísa. Auk þess er áfrýjanda tilkynnt, að þeir séu í samlagi um refasöluna. Af þessum ástæðum virðist áfrýjanda hafa verið heimilt að byggja á því, að þeir svöruðu sameiginlega til allra þeirra krafna, er rísa kynnu á hendur þeim út af skiptunum. Verður því að dæma hina stefndu til að greiða umræddar n. kr. 937.50 með vöxtum, eins og krafizt er.

Annar kröfuliðurinn n. kr. 1616.30 stafar frá sölu á refasendingu frá hinum stefndu, er áfrýjandi seldi. Af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða dómi, ber að sýkna hina stefndu af greiðslu þessa kröfuliðs.

Þriðji kröfuliðurinn, n. kr. 2038.80, stafar, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, frá refasendingu þeirri frá hinum stefndu til áfrýjanda, er kom til hans 10. eða 11. nóv. 1930, og óseld var. er hún fór af stað frá Íslandi. Fyrir sýknukröfu sinni af þessum lið færa hinir stefndu fyrst og fremst þá ástæðu, að þeir hafi með símskeyti 3. dez. 1930 lagt fyrir áfrýjanda að selja refina fyrir það verð, er fengizt, og ef hann hefði gert það, þá hefði fengizt svo mikið fyrir þá, að það hefði að minnsta kosti nægt til

greiðslu þess kostnaðar, sem þá hefði verið á fallinn. Áfrýjandi virðist hafa reynt að selja samkvæmt þessari skipun hinna stefndu, en þær tilraunir urðu árangurslausar, og 16. dez. s. á. símar áfrýjandi hinum stefndu, að refirnir séu óseljanlegir fyrir nokkurt verð, og spyr, hvað gera skuli við þá. En hinir stefndu gáfu honum engar fyrirskipanir eða leiðbeiningar í því efni, þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir hans í þá átt og kröfu um, að þeir greiddu honum útlagðan kostnað vegna refanna, fyrr en 19. jan. 1931, er þeir biðja hann um að biða þangað til 24. s. m., er framkvæmdarstj. Refaræktarfélagsins komi heim. En hann kom þá ekki, og hótar áfrýjandi 24. s. m. að slátra dýrunum, ef hann fái ekki um hæl greiddan útlagðan kostnað vegna þeirra. Loks símar framkvæmdarstjóri Refaræktarfélagsins, sem þá var í Kaupmannahöfn, áfrýjanda 1. febr. 1931 skipun um að ráðstafa dýrunum á þann hátt, er hann teldi heppilegastan. Eftir þessu verður ekki talið, að áfrýjandi hafi sýnt nokkra vanrækslu um sölu á refunum, og verður sýknukrafa hinna stefndu byggð á þeirri ástæðu, því ekki tekin til greina.

Þá hafa hinir stefndu haldið því fram, að áfrýjandi hafi ekki, þá er hann að lokum ráðstafaði refunum í febrúar 1931, fengið það verð fyrir þá, sem unnt hafi verið að fá. Eftir því, sem upplýst er fyrir hæstarétti, myndaði áfrýjandi félagsskap meðal kunningja sinna til þess að kaupa refina og gera tilraun með þá með því að senda þá með vorinu norður í Noreg og láta þá ganga þar á eyju cinni. Taldi hann með þessu hag allra aðilja bezt borgið, með því að ekki hafi verið kostur að selja þá á markaðinum þá, enda verður að telja, að áfrýjanda hafi verið þessi ráðstöfun heimil, svo framarlega sem

hinum stefndu var ekki reiknað lægra verð fyrir refina en unnt kynni að hafa verið að hafa upp úr þeim með öðrum hætti. Hvert refapar var fært hinum stefndu til tekna með kr. 200.00. Og votta það menn, sem kunnugir voru refarækt og refasölu um þær mundir í Noregi, að 200 krónur fyrir íslenskt blárefapar hafi þá mátt heita hátt söluverð. Sýknukrafa hinna stefndu af þessari ástæðu verður því ekki heldur tekin til greina.

Varakrafa hinna stefndu lýtur að niðurfærslu þessa liðs um kr. 630.00, eða niður í kr. 1408.80, og er byggð á því, að áfrýjandi hefði þegar 1. febr. 1931 átt að ráðstafa dýrunum samkvæmt áður nefndu skeyti framkvæmdarstjóra Refaræktarfélagssins frá sama degi. Eigi því að draga frá kröfunni kostnað af 28 refum, er þá voru eftir lifandi, kr. 1.50 fyrir hvern í 15 daga, og verða það kr. 630.00. Á þetta verður ekki fallizt, því að ekki virðist óeðlilegt eða ólíklegt, að áfrýjandi hafi þurft nálægt hálfum mánuði til þess að ráðstafa refunum með þeim hætti, sem áður segir.

Samkvæmt framanskráðu verður að dæma hina stefndu til þess að greiða áfrýjanda in solidum norskar krónur 937.50 + n. kr. 2038.80 eða alls n. kr. 2976.30 með 6% ársvöxtum frá 15. febr. 1931 til greiðsludags.

Efir þessum málalokum þykir rétt að dæma hina stefndu til þess að greiða áfrýjanda in solidum kr. 400.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinir stefndu, Sigurður Ágústsson og Ólafur Jónsson, greiði Lárusi Fjeldsted f. h. áfrýjanda,

O. Nordbö-Bakke, in solidum norskar krónur 2976.30 með 6% ársvöxtum frá 15. febr. 1931 til greiðsludags, og 400 krónur in solidum upp í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðförlu að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta sem er höfðað með gestaréttarstefnu útg. 21/4 1931, þingfest 25. s. m. og tekið til dóms 15. f. m., er risið út af skuld sem O. Nordbö-Bakke læknir í Bergen telur sig eiga hjá Refasölusamlaginu í Rvík, að upphæð norskar kr. 4733.60. Telur stefnandinn að stefndir beri ábyrgð á greiðslu skuldarinnar þaræð samlagsfélag þeirra Refarækt Stykkishólms var þátttakandi í Refasölusamlaginu, sem stofnað var 1930. Krefst hann þess að stefndir verði dæmdir til þess in solidum að greiða skuldarupphæðina ásamt 6% ársvöxtum af henni frá 15/2 1931 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Kröfur þessar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Norskar kr. 937.50 eru umboðslaun og eftirstöðvar af kostnaði við refasendingu frá Refaræktarfélagi Íslands h/f í Reykjavík árið 1930.

2. Norskar kr. 1616.30 eru aukaumboðslaun, er stefnandi kveður sér hafa verið heitin fyrir sölu á refasendingu frá Refarækt Stykkishólms, er hann seldi í okt. 1930.

3. Norskar kr. 2179.80 eru eftirstöðvar af kostnaði við refasendingu frá Refarækt Stykkishólms, er stefnandi fékk í nóv. 1930. Voru í sendingu þessari 15 refapör og gat stefnandi eigi selt þau og varð því að fóðra þau frá 10/11 1930 til 15/2 1931, en síðan að slátra þeim. Varð kostnaður stefnanda af refasendingu þessari samtals kr. 5179.80, en þar frá hefir stefnandi dregið 3000 kr. er hann telur sanngjarnt verð á þeim 30 skinum, er hann fékk af dýrunum.

Verður nú hver þessara kröfuliða athugaður út af fyrir sig:

1. Fyrir kröfu sinni, um að stefndir verði dæmdir til að greiða honum fyrsta lið reikningsins rjskj. 4. n. kr.

937.50, sem er skuld Refasölusamlagsins við hann út af refasendingum, er hann fékk árið 1930 frá Refaræktarfélagi Íslands h/f í Reykjavík, færir stefnandi þau rök, að stefndir hafi verið fullábyrgir félagar í Refasölusamlaginu og ábyrgzt allar skuldir þess in solidum með öðrum þátttakendum í því. Leggur hann í því sambandi fram samning á rjskj. 5 er framkvæmdarstjóri Refaræktarfélags Íslands h/f í Reykjavík, Konráð Stefánsson, gerði við hann 10/4 1930 f. h. þessara aðila: Refaræktarfélags Íslands h/f í Reykjavík, Stefáns Sigurðssonar í Vigur og Refaræktar Stykkishólms. Er stefnandi með samningi þessum gerður að einkaumboðsmanni þessara og annara ísl. refaræktarmanna, er kynnu að ganga í félag með þeim, í Noregi fyrir árið 1930 og til 15/2 1931.

Stefndir krefjast þess, að þeir verði sýknaðir af þessum kröfulið stefnanda og benda á í því sambandi, að í samningunum rjskj. 5, sé þess hvergi getið, að þátttakendur í Refasölusamlaginu, er þá var í ráði að stofnað yrði, skyldu bera solidaríska ábyrgð á skuldum þess við stefnandann. Jafnframt fullyrða þeir, að hr. Konráð Stefánsson hafi ekkert umboð haft frá þeim til að gera samning fyrir þeirra hönd, er skuldbindi þá til slíkrar solidarískrar ábyrgðar. Þá leggja þeir fram samning á rjskj. 9 gerðan 25/4 1930, milli þátttakenda í Refasölusamlaginu og er þar alls ekki gert ráð fyrir, að þátttakendur beri solidaríska ábyrgð á skuldbindingum samlagsins.

Að réttarins áliti hefir stefnandinn ekki sannað það, gegn neitun stefndu, að framkvæmdarstjóri Refaræktarfélags Íslands hafi, þá er hann gerði samninginn á rjskj. 5, haft umboð til þess að skuldbinda þá til solidarískrar ábyrgðar með öðrum þátttakendum í Refasölusamlaginu á skuldum, er það kynni að komast í við hann. Af samningnum rjskj. 9, sem er stofnsamningur Refasölusamlagsins verður ekkert ráðið, er bendi til þess að samlagsmenn hafi ætlað að stofna til félagsskapar þar sem félagsmenn bæru solidaríska ábyrgð á skuldum félagsins. Þar sem því stefnanda hafi hvorki tekizt að sanna, að hann hafi, er hann 10/4 1930, gerði samninginn við framkvæmdarstjóra Refaræktarfélags Íslands, haft ástæðu til að ætla, að framkvæmdarstjórinn hefði haft umboð til að skuldbinda stefndu til solidarískrar ábyrgðar með öðrum samningsað-

ilum, né að stefndur hafi síðar tekið á sig slíka ábyrgð, verður að sýkna stefndu af kröfu hans að því er þenna lið snertir.

2. Fyrir kröfu sinni, um að stefndur verði dæmdur til að greiða honum 2. lið reikningsins n. kr. 1616.30, aukaumboðslaun af refasendingu, er hann seldi fyrir þá í okt. 1930, færir stefnandi þau rök, að hann hafi með símskeyti 3. okt. 1930 tilkynnt refasölusamlaginu, að hann eigi gæti selt refasendingu þessa nema hann fengi 5% aukapóknun og hafi samlagið með símskeyti 8/10 1930 (rjsk. 6 M) samþykkt að greiða honum þóknunina.

Stefndu halda því hinsvegar fram, að kröfu stefnanda um aukapóknun hafi verið neitað en í símskeytinu rjskj. 6 M felist samþykki á því að refapör þau, er stefnandi þá var að reyna að selja fyrir þá, væru seld ef nauðsyn krefði fyrir 1200 kr. parið að frádegnum 5% og þar að auki venjulegum sölulaunum.

Samkvæmt samningunum rjskj. 5 báru stefnanda engin sölulaun, ef hann seldi parið af blárefum (hvolpum) undir 1300 kr. nema seljendur samþykktu söluna, þá bar honum 5% í sölulau. En með símskeytinu 3/10 1930 fór stefnandi þess á leit við refasölusamlagið, að það greiddi honum 5% aukapóknun þar sem verð á refum væri mjög fallandi. Samlagið neitaði með símskeyti, er það sendi næsta dag að verða við þessari beiðni stefnanda. En 8/10 simar það á þessa leið: „Ejeren godkender denne gang heona minus 5% for uden salgsprovision hvis nødvendig“. (Heona þýðir þarna 1200 kr. söluverð). Telur stefnandi að í þessum orðum símskeytisins felist loforð um að honum verði greidd 5% aukapóknun af andvirði refasendingar þeirrar, er hér var um að ræða.

Að réttarins áliti verður vart lagður sá skilningur í símskeytið frá 8/10 1930 rjskj. 6 M, að Refasölusamlagið þar með samþykki umbeðna aukapóknun til stefnanda. Liggur miklu nær að skilja símskeytið þannig, að samþykkt sé sala fyrir verð, er sé undir 1200 kr. fyrir hvert refapar. Verður þetta enn ljósara ef litið er á orðin: „hvis nødvendig“ í niðurlagi setningarinnar, því naumast verður talið líklegt að Refasölusamlagið hefði sett þessi orð í símskeytið ef um aukapóknun hefði verið að ræða, en hinsvegar mjög skiljanlegt að þau séu sett þar þegar um nið-

urfærslu frá 1200 kr. söluverði er að ræða. Þá verður og að telja að miklar líkur séu fram komnar fyrir því, að stefnandi sjálfur hafi ekki, er hann fékk skeytið, skilið það þannig, að honum væri þar heitið aukabóknun, því þrátt fyrir það sendir hann Refasölusamlaginu, að lokinni sölu á refasendingu þeirri, sem hér um ræðir, næstum allt andvirðið að frádregnum kostnaði og hinum venjulegu 5% sölulaunum, eins og reikningurinn rískj. 10 sýnir. Þar sem stefnanda þannig ekki hefir tekizt, að færa sönnur á að Refasölusamlagið hafi heitið honum 5% aukabóknun fyrir sölu á refasendingu þeirri, er hann seldi fyrir Refarækt Stykkishólms í október 1930, verður einnig að sýkna stefndu af kröfu hans að því er þenna lið snertir.

3. Fyrir þeirri kröfu sinni, að stefndir verði dæmdir til þess að greiða sér n. kr. 2179,80, eftirstöðvar af kostnaði við refasendingu frá Refarækt Stykkishólms, er hann fékk, færir stefnandi þau rök að stefndir hafi, án þess að ráðfæra sig við hann, sent 15 refapör til hans í nóv. 1930, til sölu, en einmitt um það leyti hafi refir fallið mjög í verði í Noregi og jafnvel orðið óseljanlegir og hafi hann því orðið að geyma dýrin frá 10/11 1930, er þau komu til Bergen, þar til 15/2 1931, er hann tók að ráðstafa þeim upp í kostnað þann, er hann hafði af þeim haft. Kostnaður sá, er hann hafði af dýrunum þenna tíma, segir stefnandinn að hafi verið kr. 5179,80 og reiknar hann þar frá 3000 kr., 100 kr. á dýr hvert, er hann telur sanngjarnlega metið verðmæti skinna þeirra, er hann fékk af dýrunum, og kemur þá út dómkrafa hans n. kr. 2179.80. En undir rekstri málsins hefir stefnandi viðurkennt, að 2 dýrin hafi drepizt á tímabilinu, en hann af vangá reiknað fóður þeirra allan tímann, en hinsvegar sé fóðrunartími hinna dýranna vantallinn um 2 daga, en samkvæmt þessu eigi dómkrafa sín að lækka um n. kr. 141.00 eða niður í n. kr. 2038.80.

Stefndu viðurkenna að visu, að þeir hafi sent refasendingu þá er hér um ræðir, stefnanda, án þess að dýrin hafi verið fyrirfram seld, en halda því fram að slíkt hafi þeim verið heimilt samkv. samningnum rískj. 5, þá viðurkenna þeir að stefnandi hafi, er refasendingin var komin af stað, varað Refasölusamlagið við að senda hana, því erfitt muni verða með sölu, og að hann, þegar er dýrin

komu til Noregs, tilkynnir að kostnaður við fóðrun þeirra og geymslu mundi verða n. kr. 1.50 á dag fyrir hvert dýr. Hafa þeir ekki mótmælt neinum af kostnaðarliðum þeim, er stefnandi hefir tilfært í hinum leiðréttá reikningi sínum, og virðast því fallast á, að kostnaður stefnanda af refasendingunni sé rétt talinn kr. 5038.80. Hinsvegar halda þeir því fram, að stefnandi hafi ekki gert sér svo far um sem skyldi að selja dýrin, og fullyrða að hann hefði getað selt þau þannig í nóv. og dez. 1930, að eitthvað hefði orðið eftir af andvirðinu afgangs kostnaði. Loks mótmæla þeir verði því, 100 kr. á skinn, er stefnandi hefir sett á skinnin af dýrunum á reikninginn rjskj. 4, og telja það alltof lágt.

Samkvæmt framansögðu, er enginn ágreiningur milli málsaðila um hvern kostnað stefnandi hefir haft af refasendingunni, en hinsvegar telja stefndir að stefnandi hafi sýnt þá vanrækslu um sölu dýranna, að bakað geti honum ábyrgðar og að aðferð hans við að koma dýrunum í verð, er hann leitaði fullnustu í þeim fyrir kostnaði sínum hafi ekki verið á þann veg, að þeir þurfi að sætta sig við það verð, er hann reiknar skinn dýranna á, og sem þeir telja alltof lágt.

Rétturinn getur ekki fallizt á þá skoðun stefndu, að stefnandinn hafi sýnt þá vanrækslu um sölu dýranna, er bakað geti honum ábyrgðar. Bréf þau og símskeyti, er farið hafa milli málsaðilanna og lögð hafa verið fram í réttinum í frumriti eða afriti, sýna að stefnandi hefir gert sér nokkurt far um að selja dýrin og ráðstafa þeim á þann hátt, er hann taldi hagkvæmastan fyrir stefndu. Stefndir hafa að vísu bent á, að tveir menn í Noregi Odd Rasmussen og Konrad Nesheim, hafi gert þeim tilboð um kaup á refum á þessu tímabili og að þeir hafi bent stefnanda á að selja þeim dýrin, en stefnandi hefir sýnt fram á, að þessir menn gátu ekki greitt nema mjög lítinn hluta af kaupverðinu við móttöku og yfir höfuð litil líkindi til að þeir gætu staðið við boð sín. Verður stefnanda því ekki gefin sök á því að sala á dýrunum til þessara manna ekki fór fram.

Samkvæmt reikningnum rjskj. 4, hefir stefnandi reiknað stefndum til tekna og dregið frá kostnaði sínum, verð skinna af þeim 30 dýrum, er í refasendingunni voru, og

reiknað hvert skinn á 100 kr. Mátti þvíætla að hann hefði slátrað dýrunum og fengið þetta verð fyrir skinnin. En svo var ekki. Stefnandi gaf í fyrstu undir rekstri málsins engar upplýsingar um, hvernig hann hefði ráðstafað dýrunum eða skinum þeim er hann fékk af þeim, en gaf aðeins í skyn að hann hefði ekki selt dýrin. En þegar stefndu kröfðu um nánari upplýsingar um þetta atriði sagði málaflutningsmaður stefnanda að hinn 15. febrúar 1931, hafi stefnandi hætt að skulda stefndu fyrir fóðrun og skoðað dýrin sína eign frá þeim degi, selt það sem hægt var fyrir 100 kr., en lá með hin í von um að verð ef til vill hækkaði eitthvað.

Því verður að vísu ekki á móti mælt, að stefnandinn hefir haldsrétt á dýrunum eða andvirði þeirra, fyrir kostnaði þeim, er hann hafði af þeim haft, en til þess að fá því slegið föstu, svo eigi yrði véfengt, hve háu verði hann ætti að reikna stefndum dýrin til tekna, varð hann að selja þau á opinberu uppboði eða reikna þau því verði, er refir voru þá seldir fyrir á opinberum markaði. En hvorugt þetta hefir stefnandi gert. Í stað þess slær hann 15/2 1931, eign sinni á dýrin og reiknar stefndum þau til tekna fyrir það verð, sem honum þóknast, án þess að geta sýnt fram á að það verð sé sett með hliðsjón af markaðsverði á lifandi refum í Noregi á þeim tíma.

Samkvæmt þessu verður rétturinn að lita svo á, að engin sönnun sé komin fram fyrir því hvert var hið raunverulega verðmæti refanna, er stefnandi sló eign sinni á þau. En af því leiðir að ekki verður um það sagt hvort stefndu skulda stefnandanum nokkuð af hinni umstefndu upphæð, því vel má vera og ekki ósennilegt, að raunverulegt verðmæti dýranna hafi verið jafnmikið eða meira en nam kostnaði þeim, er stefnandi hafði af þeim haft.

Verður því einnig að sýkna stefndu af kröfum stefnanda að því er þenna kröfulið snertir.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum virðist rétt að dæma stefnanda til að greiða stefndum 400 kr. í málskostnað.